



Öryggis-, heilbrigðis og vinnuumhverfisstefna

Eigandi: Gæða- og öryggisráð

1 Tilgangur og umfang

- 1.1 Þessi stefna lýsir áherslum framkvæmdastjórnar félagsins á að skapa slysalausan vinnustað og að unnið sé markvisst að því með fræðslu og faglegum vinnubrögðum. Fagleg vinnubrögð eru lykillinn að árangri og til marks um það er þessi stefna sett. Innleiðing og framkvæmd stefnunnar er mikilvæg til að fullvissa starfsmenn, samstarfsaðila, viðskiptavinum og birgja um að félagið taki með ábyrgum hætti á öryggi starfsmanna sinna.
- 1.2 Stefna þessi nær til starfsemi félagið í höfuðstöðvum sínum, verslunum og hýsingarstöðum.
- 1.3 Stefnan skal vera aðgengileg áhugasömum, bæði þeim sem eru innan fyrirtækis sem og utan.
- 1.4 Brot á stefnunni verða meðhöndluð sem alvarlegt agabrot og verða meðhöndluð í samræmi við agaferli starfsmannabjónustu.

2 Fylgni

- 2.1 Fylgni við stefnuna verður vaktað reglulega af Gæða- og öryggisdeild og niðurstöður rýndar af Gæða- og öryggisráði.

3 Markmið

- 3.1 Að vera til fyrirmyndar í öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfismálum og ásamt því að vernda og bæta líf þeirra sem starfa fyrir félagið með því að skapa slysalausan vinnustað þar sem enginn starfsmaður, verktaki eða almenningur bíður heilsutjón vegna starfseminnar.

4 Stefnumið

- 4.1 Eftirfarandi stefnumið hafa verið sett fram til að tryggja að málefni öryggis, -heilbrigðis og vinnuumhverfis séu óaðskiljanlegur hluti af allri starfsemi.
 - Félagið fer í öllu að gildandi lögum, reglum og öðrum kröfum um öryggi, -heilbrigði og vinnuumhverfi.
 - Undirbúningur vinnu skal vera öruggur.
 - Vinnuumhverfi og aðbúnaður starfsfólks fullnægir kröfum um vinnuvernd.
 - Tryggja stöðugar umbætur með því að innleiða öryggisstjórnkerfi í samræmi við ISO/IEC 45001:2018.
 - Starfsmenn skulu hljóta fræðslu við hæfi í tengslum við málaflokkinn.
 - Félagið styður heilsuefingu starfsmanna enda eru þeir í vandasömum störfum sem oft fylgir mikið álag.
 - Miðla upplýsingum til starfsmanna varðandi öryggis-, heilbrigðis og vinnuumhverfismál og leitast eftir þátttöku við starfsmenn um að tryggja að kröfum beggja sé fullnægt.

5 Framkvæmd

- 5.1 Til þess að uppfylla stefnuna mun félagið fara eftirfarandi leiðir:
 - Félagið mun leggja sig fram við að skapa öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi fyrir starfsmenn og þjónustuaðila.



- Bjóða aðeins upp á vinnuástöðu, tæki og búnað sem uppfyllir öryggiskröfur og er í góðu ástandi.
- Láta skoða og prófa tæki og búnað með reglulegu millibili.
- Fræða og þjálfa starfsmenn og verktaka í málaflöknum.
- Miðla upplýsingum til birgja, viðskiptavina og þjónustuaðila varðandi kröfur félagsins varðandi öryggis-, heilbrigðis og vinnuumhverfismál.
- Sér til þess að starfsmenn fái nauðsynlega þjálfun til viðkomandi starfa og að til séu verklagsreglur og vinnuleiðbeiningar sem nýtast starfsmönnum.
- Áhættumat framkvæmt á störfum félagsins með reglulegu millibili og á því byggð áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað.
- Tryggir virka þátttöku stjórnenda í öryggis- og heilbrigðismálum.
- Halda úti vottuðu öryggisstjórnunarkerfi ISO 45001 sem byggir á ferli stöðugra umbóta og mælingum á árangri og tryggir að lagalegum kröfum á sviði vinnuverndar- og öryggismála sé fylgt.
- Lætur reglulega gera innri úttektir til að tryggja virkni kerfisins.
- Skrá slys, óhöpp og hættuleg atvik til að draga lærdóm af því sem betur má fara.
- Mælingar tengdar öryggi-, heilbrigði og vinnuverndmálum verða vaktaðar.

6 Hlutverk og ábyrgð

- 6.1 Eigandi ber ábyrgð á stefnunni sé framfylgt.
- 6.2 Stjórnendur bera ábyrgð á því að starfsmenn þekki og vinni í samræmi við skráðar öryggisreglur fyrirtækisins og gildandi vinnuverndarreglur til að tryggja öryggi fólks, búnaðar og vinnuumhverfis.
- 6.3 Gæða- og öryggisstjóri ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar og beitir til þess viðeigandi stöðlum og bestu aðferðum.
- 6.4 Starfsmenn fylgja stefnunni og taka þátt í þróun öryggis-, heilbrigðis og vinnuumhverfismála hjá félaginu.

7 Tilvísanir

- 7.1 ISO/IEC 45001:2018 5.2 OH&S policy.
- 7.2 Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 gr. 13
- 7.3 Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 gr. 37
- 7.4 Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 gr. 42
- 7.5 Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 gr. 65
- 7.6 Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 gr. 66
- 7.7 Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 gr. 78